

1935

dómsmönnum Péttri B. Lútherssyni húsgagnaarkitekt og Sigurði Úlfars-
syni húsgagnasmíðameistara.

D ó m s o r ð:

Frávísunarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Stefnda, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnanda, Trésmiðjunni h/f, kr. 4.313.81 með 13% ársvöxtum af kr. 2.217.37 frá 1. október 1976 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 9. apríl 1981, en með 35% ársvöxtum af kr. 4.313.81 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 1.500.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Nr. 206/1983. **Ríkisútvarpið**

gegn

Hreiðari Jónssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. október 1983, sem barst Hæstarétti 2. þ. m. Hann krefst þess, „að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og héraðsdómara gert skylt að kveða upp efnisdóm í málinu.“

Héraðsdómari hefur tilkynnt varnaraðilja, sem ekki hefur sótt þing í héraði, um kæruna. Frá honum hafa engar kröfur borist.

Samkvæmt 185. gr. laga nr. 85/1936 ber dómara að kveða í dómi aðalmálsins á um greiðslu þess kostnaðar, sem á er fallinn, þegar dómur er upp kveðinn, og tiltaka upphæð hans, hvernig sem um hann kann að hafa verið samið. Ekki þykir bera að beita ákvæðum

67. gr. og 69 gr. laga nr. 85/1936, sem varða sakarefni dómsmáls, með þeim hætti, að rétt hafi verið fyrir dómara máls þessa að kveða á um það með sérstökum frávísunardómi, er hann taldi kröfu sóknaraðilja um dráttarvexti af málskostnaðarfjárhæð ekki verða tekna til greina við ákvörðun málskostnaðar við efnisdóm í málinu. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. september sl., er höfðað með stefnu, birtri 26. ágúst 1983, af Ríkisútvarpinu, nnr. 7349-3943, Skúlagötu 4, Reykjavík, gegn Hreiðari Jónssyni, nnr. 4360-0419, Hamrabergi 4, Reykjavík, vegna Dreifbýlismiðstöðvarinnar, nnr. 1636-2190, Skeifunni 8, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.657.00 með 45% ársvöxtum af kr. 3.722.00 frá 1. maí 1983 til 1. júní 1983, en 45% ársvöxtum af kr. 7.675.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar, kr. 3.244.00 skv. gjaldskrá LMFÍ, og 45% ársvöxtum á þann málskostnað frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að verði ekki fallist á upphafstíma tildæmdra vaxta á málskostnað, sbr. hér að framan, þá reiknist þeir frá lokum aðfararfrests.

Til þrautavara, að tildæmdir vextir á málskostnað reiknist frá dómsbirtingardegi.

Til þrautaþrautavara gerir stefnandi þá kröfu, að verði ekki fallist á, að tildæmdur málskostnaður beri vexti, svo sem krafist er hér að framan, þá er krafist viðurkenningar á því, að gjalddagi tildæmds málskostnaðar teljist í fyrsta lagi frá dómsuppsögu, til vara frá lokum aðfararfrests, til þrautavara frá dómsbirtingardegi.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera til komna vegna viðskipta Dreifbýlismiðstöðvarinnar við stefnanda. Skuldin sé skv. reikningi, dags. 11. ágúst 1983, vegna hljóðvarpsauglýsinga í hljóðvarpi á tímabilinu apríl 1983 fyrir kr. 3.722.00 og í maí 1983 fyrir kr. 3.953.00, eða samtals sé reikningurinn að fjárhæð kr. 7.675.00.

Hreiðar Jónsson sé einkaeigandi Dreifbýlismiðstöðvarinnar.

Þrátt fyrir innheimtutilraunir hafi stefndi eigi fengist til að greiða skuld þessa.

Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum kröfuréttar um loforð og samninga og reki málið fyrir bæjarþinginu skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Vaxta-kröfur séu reistar á ákvörðunum Seðlabanka Íslands og gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram-lögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandi kveðst reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Mál þetta er almennt skuldamál og verður eigi rekið skv. þeim kafla, sbr. 207. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem telja má, að fram-lögðum reikningi svo og viðskiptum stefnanda og stefnda sé nægilega lýst í stefnu, þykir ekki ástæða til þess að vísa máli þessu frá dómi í heild sinni.

Stefnandi hefur gert kröfu til þess, að tildæmdur málskostnaður beri van-skilavexti. Með vísan til 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 er þeirri kröfu stefnanda vísað frá dómi ex officio. Þar með er varakröfu stefnanda svo og þrautavarakröfu hans einnig vísað frá dómi ex officio.

Skilja verður þrautþrautavarakröfu stefnanda svo, að í henni felist ósk um lögfræðilega álitssgerð. Samkvæmt 67. gr. laga nr. 85/1936 verða dóms-stólar ekki krafðir slíkrar álitssgerðar. Þrautþrautavarakröfu stefnanda er því vísað frá dómi ex officio.

Ákvörðun málskostnaðar biður endanlegs dóms í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla embættisanna dóm-arans.

D ó m s o r ð:

Kröfu stefnanda um, að málskostnaður beri 45% ársvexti frá dóms-uppsögudegi til greiðsludags, er vísað frá dómi ex officio. Varakröfu, þrautavarakröfu og þrautþrautavarakröfu stefnanda er einnig vísað frá dómi ex officio.

Ákvörðun málskostnaðar biður endanlegs dóms.